



SKÝRSLA STJÓRNAR 2020-2021

Skýrsla stjórnar STAG árin 2020 og 2021

Stjórn og nefndir starfsárin 2020 til 2022

Stjórn STAG starfsárið 2020 til 2022

Kristján Hilmarsson – formaður
Þorgerður Kristinsdóttir – gjaldkeri
Sigurður Hafliðason – ritari/varaformaður
Vala Dröfn Hauksdóttir – meðstjórnandi
Hildur Benediktsdóttir – meðstjórnandi

Stefanía Bjarnadóttir - varamaður
Magnús Ö Markússon- varamaður

Orlofsnefnd:

Dröfn Ágústsdóttir, Sigurbjörn Sveinsson og Þorgerður Kristinsdóttir fulltrúi stjórnar.
Til vara: Anna Margrét Halldórsdóttir og Jónína Skaftadóttir.

Menntasjóður:

Gunnar Hrafn Richardsson, Vala Dröfn Hauksdóttir fulltrúi stjórnar
Til vara: Smári Guðmundsson

Vísindasjóður:

Skarphéðinn Jónsson og Hildur Benediktsdóttir, fulltrúi stjórnar

Skoðunarmenn reikninga:

Lára Gísladóttir, Hjördís Hermannsdóttir
Til vara: Elín Guðný Gunnarsdóttir

Skrifstofa STAG

Skrifstofa félagsins er opin fimm daga vikunnar, mánudaga til föstudaga frá kl 11:00 til 15:00.

Starfsmaður félagsins er Herdís Sveinbjörnsdóttir.

Orlofssjóður STAG:

Í ársbyrjun 2020 var farið í vinnuferð í hús félagsins á Spáni þar sem eitt og annað var endurnýjað.

Árið 2021 var farið í endurbætur á Reykjabæ og keypt raðhús við Tröllagil 3 á Akureyri. Í Reykjabæ var skipt um gólfefni, eldhúsinnréttingu og tæki, auk þess sem húsið var allt málað að innan.

Góð nýting hefur verið á bústöðum félagsins innanlands þessi tvö covid ár, allt að 80% nýting á ári. Húsið á Spáni var mjög takmarkað í leigu vegna covid og samgöngutakmarkana.

Framlag launagreiðenda í orlofssjóð er 1,7% af öllum launum félagsmanna STAG

Fjármál STAG

Heildarafkoma sjóðanna samtals eru 39.160.251 kr. árið 2020. Rekstrarkostnaður félagsins er 60.348.854 kr.

Heildarafkoma sjóðanna samtals eru 38.104.996 kr. árið 2021. Rekstrarkostnaður félagsins er 72.088.223 kr..

Heildareignir í lok árs 2021 eru 380.765.400 kr. þar af 119.494.091 kr. í handbæru fé.

Allir sjóðir félagsins eru með jákvæða afkomu.

Starfsmenntasjóður STAG:

Árið 2020 var úthlutað úr sjóðnum til 149 félagsmanna, alls að upphæð 10.738.750 kr. Greiddar voru út 8.110.749 kr á árinu til 139 félagsmanna.

Árið 2021 var úthlutað úr sjóðnum til 189 félagsmanna, alls að upphæð 13.469.750 kr. Greiddar voru út 9.608.620 kr á árinu til 178 félagsmanna.

Upphæðir styrkja í starfsmenntasjóð árin 2020 og 2021 voru:

- Allt að 45.000 kr. eftir 1 ár í starfi.
- Allt að 65.000 kr. eftir 3 ár í starfi.
- Allt að 95.000 kr. eftir 5 ár í starfi.
- Allt að 130.000 kr eftir +10 ár í starfi

Gjald launagreiðenda í starfsmenntasjóð er 0,3% af heildarlaunum félagsmanna. Allir félagsmenn í STAG geta sótt um styrk í sjóðinn eftir eins árs aðild að STAG.

Vísindasjóður STAG:

Árið 2020 fengu félagsmenn í sjóðnum úthlutað alls 5.871.440 kr.

Árið 2021 fengu félagsmenn í sjóðnum úthlutað alls 6.704.270 kr.

Í árslok 2021 eru 51 háskólamenntaður félagsmaður í STAG aðilar að vísindasjóði.

Framlag Garðabæjar í vísindasjóð er 1,5% af föstum dagvinnulaunum háskólamenntaða starfsmanna Garðabæjar sem eru í STAG.

Styrktarsjóður BSRB:

STAG er aðili að styrktarsjóð BSRB og fara greiðslur launagreiðenda í þann sjóð. Allar upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu BSRB undir Styrktarsjóður.

Iðgjald launagreiðenda í styrktarsjóðinn er 0,75% af heildarlaunum starfsmanna.

Félagsmannasjóður BSRB - Katla:

STAG er aðili að félagsmannasjóð BSRB og fara greiðslur launagreiðenda í þann sjóð. Sjóður þessi var stofnaður árið 2021.

Úthlutanir úr sjóðnum eru háðar umsóknum sjóðsfélaga og er greitt úr honum 1. febrúar ár hvert og oftár ef þurfa þykir.

Allar upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu BSRB undir Katla félagsmannasjóður.

Iðgjald launagreiðenda í félagsmannasjóðinn er 1,24% af heildarlaunum starfsmanna.

Mannauðssjóður KSG:

Úr mannauðssjóð KSG fengu nokkrar stofnanir hjá Garðabæ úthlutað styrkjum á árinu. Stag, Starfsmannafélag Kópavogs og Starfsmannafélag Suðurnesja eru aðilar að sjóðnum. Þessi sjóður er ekki ætlaður einstaklingum heldur sækir viðkomandi stofun um styrki fyrir sína starfsmenn fyrir náms og kynnisferðir bæði innanlands og utan..

Framlag launagreiðenda í mannauðssjóð er 0,2% af heildarlaunum starfsmanna.